

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum
Febrúar – mars 2012

Bls.

- 3 **Framkvæmdarlýsing**
- 4 Sp. 1 Er það opinber stefna skólans að viðmót á tölvum sem nemendur nota sé á íslensku?
- 5 Sp. 2 Er notendahugbúnaður valinn með tilliti til þess að hann sé fánlegur með íslensku viðmóti?
- 6 Sp. 3 Er það opinber stefna skólans að rafrænt kennslufni sem skólinn notar (í öðrum greinum en erlendum tungumálum) sé á íslensku?
- 7 Sp. 4 Hvert er sjálfgefið tungumál notendaviðmóts eftirtalinna stýrikerfa á tölvum sem nemendur hafa aðgang að í skólanum?
- 8 Sp. 5 Hafa nemendur aðgang að eftirfarandi hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans? Ef svo er, er viðmótið íslenskt eða á erlendu máli?
- 11 Sp. 6 Hafa nemendur aðgang að öðrum hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans?
- 13 Sp. 7 Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?
- 14 Listi yfir þátttökuskóla
- 15 **Spurningalisti**
- 17 **Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna**

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Markmið	Að afla upplýsinga um samspil íslensks máls og tölva með hliðsjón af markmiðum íslenskrar málstefnu
Framkvæmdatími	2. febrúar - 16. mars 2012
Aðferð	Netkönnun
Þýði	Skólastjórar 170 grunnskóla (sjá lista í viðauka bls. 14)
Verknúmer	4021680

Reykjavík, 23. mars 2012


Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Vilborg Helga Harðardóttir
Linda María Þorsteinsdóttir
Matthías Þorvaldsson

Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.

Er það opinber stefna skólans að viðmót á tölvum sem nemendur nota sé á íslensku?

Febrúar - mars 2012




Þeir sem segja nei: Hvers vegna ekki?

- Auðvitað best að viðmótið sé á íslensku en það er ekki opinber stefna skólans.
- Búum í alþjóðaþjófélagi og íslenskun á stýrikerfum og forritum fylgir þróun seint og illa eftir.
- Ekki aðgengilegt.
- Ekki hefur verið gerð opinber stefna um viðmót á tölvum.
- Ekki komið að því.
- Ekki talin ástæða til.
- Ekki verið hugsað.
- Ekki verið tækifæri til þess nema á yngsta stigi.
- Ekki verið útfært.
- Ekki í okkar höndum (sveitarfélagið er með þetta).
- Ekki þótt ástæða til að hafa það í opinberri stefnu skólans.
- Er ekki á stefnuskrá bæjarins.
- Er í umræðu.
- Fá forrit eru íslenskuð (Office). Aðeins er hægt að hafa stýrikerfi á íslensku og þó eru ekki allir textar íslenskaðir.
- Hef ekki velt því fyrir mér.
- Hefur ekki enn komist til framkvæmda að hafa viðmót á íslensku. Mikið af tölvubúnaði er kominn til ára sinna.
- Hefur ekki verið framkvæmt.
- Hefur ekki verið rætt sérstaklega.
- Hefur ekki verið sett í forgang.
- Hefur ekki verið tekin ákvörðun um það enn sem komið er.
- Hefur ekki verið tekin ákvörðun um það mál.
- Hefur ekki þótt ástæða til þess.
- Hefur verið dýrt að fá Windows á íslensku og svo hefur það verið heldur ófullnægjandi, þýðing einstakra skipana hljómar ekki vel og er ekkert frekar lýsandi fyrir aðgerð en á ensku. Heppilegast væri auðvitað ef gott íslenskt viðmót fengist.
- Hefur þyngt rekstur tölvukerfa.
- Hugsunarleysi.
- Höfum ekki hugað að því.
- Höfum ekki leitt hugann að því.
- Höfum ekki myndað okkur skoðun á þessu en hins vegar er viðmót allra tölvanna á íslensku, við báðum um það.
- Notendabúnaður er keyptur af bænum og skólinn ræður engu þar um.
- Nýtum erlent viðmót einnig í tungumálakennslu.
- Office pakkinn er á ensku.
- Reynum að hafa allt á íslensku en það gengur ekki alltaf.
- Ráðlegging frá rekstraraðila.
- Skólinn hefur ekki opinbera stefnu í þessu máli.
- Stefnan kemur frá SFS.
- Tæknileg vandamál.
- Tæknilegt vandamál.
- Tölvubúnaður gamall og uppfærslur alltaf á leiðinni.
- Tölvukostur hefur nýlega verið endurnýjaður og það þarf að laga hjá okkur.
- Tölvusöluaðilar hvetja ekki til þess eða kynna þann möguleika.
- Var þangað til að skipt var yfir í rekstrarleigu.
- Vegna hraðrar þróunar og breytinga í tölvutækni með tilheyrandi kostnaði.
- Veljum forrit eftir þörfum en ekki tungumáli.
- Vilji, en ekki opinber stefna.
- Við höfum ekki farið í þá vinnu.
- Við höfum ekki lagt áherslu á það.
- Við höfum lent í vandræðum með að keyra íslenska útgáfu af stýrikerfinu því tölvukostur skólans er kominn mjög til ára sinna, en vonandi verður ráðin bót á því fyrir næsta skólaár.
- Við höfum okkar tölvubúnað á ensku. Nemendur nota einnig tölvur í tölvuveri annars skóla, þar er viðmótið á íslensku.
- Við teljum nauðsynlegt að nemendur læri að rata í tölvuheimum eftir enskum leiðbeiningum.
- Við teljum það nýtast nemendum betur til lengri tíma lítið að venjast tölvum með ensku viðmóti.
- Við vorum með íslenskt viðmót en fórum aftur í enskuna. Ekki náðist eining um að nota íslenska viðmótið í skólanum. Við þurfum að taka umræðuna upp aftur.
- Viðleitni en ekki opinber stefna.
- Viðmót er íslenskt eftir því sem við verður komið.
- Viðmótið í nýjum tölvum er á íslensku og verður það með tímanum í þeim öllum.
- Ólokið.
- Þar ræður sveitarfélagið ferðinni.
- Þarf að endurskoða.
- Það er mat okkar að það minnki hæfni nemenda í vinnu með hugbúnað.
- Það er stefna skólans en hún er samt ekki opinber. Allavega ekki eins og er.
- Það er verið að endurnýja tölvur og þær verða á íslensku en það hefur ekki verið gefin út opinber stefna um að þær verði á íslensku.
- Það er verið að endurvinnna þessa stefnu, hún verður tekin upp seinna.
- Það er á ensku því þannig höfum við fengið það.
- Það eru ekki allar tölvur sem skólinn á með íslensku viðmóti. Engin endurnýjun hefur átt sér stað á tölvum hjá Reykjavíkurborg fyrir grunnskólana.
- Það hefur ekki verið nein stefnumörkun á þessu sviði í skólanum. En við höfum alla tíð lagt okkur fram um að nota íslensk heiti/hugtök í tölvukennslu.
- Það hefur ekki verið spáð í því. Hins vegar eru þær allar með íslensku viðmóti.
- Þessi umræða hefur átt sér stað en hefur ekki komist til framkvæmdar. Engin sérstök ástæða er fyrir því.
- Þetta er ekki opinber stefna heldur er leitast við að hafa viðmót á íslensku þegar það er í boði.
- Þetta er til athugunar við endurskoðun á stefnu skólans.

Er notendahugbúnaður valinn með tilliti til þess að hann sé fánlegur með íslensku viðmóti?

Febrúar - mars 2012




Þeir sem segja nei: Hvers vegna ekki?

- Almennt er það viðmið en sum sérhæfð forrit svo sem vegna myndvinnslu og tónlistar eru ekki fánleg með íslensku viðmóti.
- Bæjarfélagið hefur umsjón með hvaða hugbúnaður er valinn.
- Bærinn kaupir hugbúnað frá Microsoft. Íslenskt viðmót er uppsett.
- Búnaður ekki alltaf til reiðu með íslenskum hugbúnaði.
- Búnaðurinn er að mestu á íslensku, en t.d. Office pakinn er á ensku.
- Búum í alþjóðabjórðfélagi og íslenskun á stýrikerfum og forritum fylgir þróun seint og illa.
- Ekki er hægt að fá allan hugbúnað á íslensku.
- Ekki hefur verið boðið upp á hann af þeim aðila sem mitt sveitarfélag semur við um afnot.
- Ekki nóg til af efni.
- Ekki sem aðalval. Ef slíkur búnaður fæst er hann tekinn frekar.
- Ekki sett í forgang.
- Ekki talin þörf á því en kennsluforrit eru íslensk.
- Ekki áhersla.
- Ekki í okkar höndum, tölvudeild sveitarfélagsins er með þetta.
- En ef hann er til með íslensku viðmóti þá er hann valinn fram yfir önnur forrit.
- Engin endurnýjun hefur átt sér stað á notendahugbúnaði síðan 2007.
- Engin stefna í þessum málum.
- Er ekki viss, hef ekki keypt hugbúnað hingað sjálf.
- Er ekki á stefnuskrá bæjarins.
- Fer oft eftir notagildi.
- Fjárskortur.
- Fremur það sem passar tölvubúnaði og hvað hann þolir.
- Fá forrit eru íslenskuð (Office). Aðeins er hægt að hafa stýrikerfi á íslensku og þó eru ekki allir textar íslenskaðir.
- Hefur ekkert verið skoðað sérstaklega.
- Hefur ekki verið framkvæmt. Sumt ekki til á íslensku.
- Hefur ekki þótt ástæða til þess.
- Höfum ekki endilega haft það sem sérstaka stefnu.
- Höfum sjálf ekki markað okkur stefnu umfram stefnu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur keypt fyrir okkur allan hugbúnað.
- Já yfirleitt.
- Kostnaður sem því fylgir að breyta.
- M.a. kostnaður og notagildi.
- Margt valið með tilliti til þess.
- Nei því miður, það er farið eftir fjárhagsramma í þessu eins og öðru.
- Nei, miklar þrengingar í rekstri sveitafélags undanfarið hefur haft áhrif á endurnýjun tölvu- og hugbúnaðar.
- Notagildi og kostnaður ráða för.
- Notendabúnaður er keyptur af bænum og skólinn ræður engu þar um.
- Notendabúnaður hefur ekki verið endurnýjaður í mörg ár!
- Notum það sem henta þykir.
- Nýtum erlent viðmót einnig í tungumálakennslu.
- Rekstrarleiga býður ekki enn upp á það.
- Reynt að hafa umhverfi á íslensku en ekki aðaláhersla.
- Reynt eftir bestu getu en oft ekki fánlegt.
- Reynt er að velja viðmót sem hentar nemendum og tölvubúnaði best.
- Ráðlegging frá rekstaraðila.
- Stundum þarf að nýta búnað sem ekki er á íslensku.
- Stundum. Það er ekki alltaf í boði.
- Sumt er hægt að fá á íslensku, annað ekki.
- Söluaðilar og þjónustuaðilar benda ekki á þann möguleika.
- Valinn út frá verði.
- Vegna hraðrar þróunar og breytinga í tölvutækni með tilheyrandi kostnaði.
- Vegna takmarkana í þýðingu hugbúnaðar.
- Veljum forrit eftir þörfum en ekki tungumáli.
- Verð og gæði ráða frekar ferðinni.
- Við breytum ekki þeim tölum sem við kaupum. Hinsvegar hafa nemendur okkar aðgang að tölvuveri og þar er hugbúnaður á íslensku
- Við notum mjög fjölbreyttan hugbúnað, ekki allur er til á íslensku.
- Við stefnum að því.
- Við teljum nauðsynlegt að nemendur læri að rata í tölvuheiminum eftir enskum leiðbeiningum.
- Við teljum það nýttast nemendum betur til lengri tíma lítið að venjast notendahugbúnaði með ensku viðmóti.
- Við veljum það sem hentar nemendum og reynum að nota forrit með íslensku viðmóti - og íslenska það sem hægt er.
- Ákvörðun liggur hjá UTM-Reykjavíkur.
- Í flestum tilfellum er það svo, en ef ekki er til hugbúnaður á íslensku þá er það ekki látið stoppa kennslu í viðkomandi grein.
- Í vissum tilfellum er búnaðurinn ekki til með íslensku viðmóti. Ef það er hins vegar til er það notað.
- Öll umsjón með notendahugbúnaði er tekin miðlægt.
- Ýmis forrit, svo sem myndvinnsluforrit sem notuð eru í kennslu eru ekki fánleg á íslensku.
- Þar ræður sveitarfélagið ferðinni.
- Það eru aðrir sem velja hann.
- Það hefur ekki verið kannað sérstaklega.
- Það sem er keypt nýtt inn er haft með íslensku viðmóti.
- Þessi umræða hefur átt sér stað en hefur ekki komist til framkvæmdar. Engin sérstök ástæða er fyrir því.
- Þetta er til athugunar.
- Þó svo að íslenskt viðmót sé til er horft til fleiri þátta.

Er það opinber stefna skólans að rafrænt kennslufni sem skólinn notar (í öðrum greinum en erlendum tungumálum) sé á íslensku?

Febrúar - mars 2012



Þeir sem segja nei: Hvers vegna ekki?

- Aftur hefur þeirri stefnu ekki verið lýst opinberlega.
- Að allra mestu leyti er kennslufni á íslensku. Hefur ekki reynt svo mjög á þetta - mikilvægt að geta einnig leitað að efni á erlendum málum. Fer eftir þörfum og einnig getu nemenda.
- Ef við kynnumst námsefni sem er erlent og hentar nemendum þá veljum við það.
- Ef íslenskur kostur er fyrir hendi þá er hann valinn.
- Ekki er það skráð stefna þótt þannig sé það.
- Ekki hefur verið talin þörf á því.
- Ekki komin langt á þessu sviði.
- Ekki opinber stefna en hins vegar er reynt að nota kennslufni á íslensku.
- Ekki opinber stefna, en það er stefnt að því að nota íslenskt rafrænt efni.
- Ekki til opinber stefna um þetta.
- Ekki verið mótuð stefna varðandi þetta málefni.
- Ekki verið rætt sérstaklega.
- En reynt er að nota íslensku ef þess er kostur.
- En það er á íslensku, bara ekki opinber stefna.
- Engin opinber stefna skóla til um þetta.
- Engin opinber stefna til, en hins vegar er það raunin.
- Erum ekki með opinbera stefnu í þessum málum. Notum vef nams.is og þar er allt á íslensku en það vantar fleiri aðila á markaðinn. Því miður hefur verið skorið við skólana að kaupa af öðrum er "ríkisútgáfunni". Nú langar mann að nýta spjaldtölvur en vefur nams.is og skólavefurinn nota flash sem spjaldtölvurnar styðja ekki. Nú þarf að búa til "app" sem virka á spjaldtölvur!
- Hefur ekki verið rætt sérstaklega.
- Hefur ekki verið tekin ákvörðun um slíkt enn sem komið er.
- Höfum ekki endilega haft það sem sérstaka stefnu.
- Höfum ekki gefið það sérstaklega út, en kennarar nota helst það sem er á íslensku. Náttúrfræðikennarinn notar erlendan vef eitthvað með nemendum svo og tölvukennarinn.
- Höfum ekki markað okkur stefnu í þessu efni.
- Höfum lítið verið að nota rafrænt kennslufni, en ef það er gert þarf það að vera á íslensku.
- Já, nema í erlendum tungumálum.
- Kenndar eru ýmsar greinar þar sem hugbúnaður er einungis til á ensku.
- Kostnaður sem því fylgir að breyta.
- Margt efni sem notað er í kennslu, s.s. myndbönd og fleira margmiðlunarefni er á öðrum tungumálum en gefur mikilvægt innslag í kennslu.
- Nei, en gæti farið svo, við fylgjum stefnu Reykjavíkurborgar í þessum skóla.
- Notum það sem hentar okkur.
- Nýtum allt kennslufni sem við teljum að komi nemendum okkar til góða.
- Nýtum einnig rafrænt námsefni í tungumálakennslu.
- Of takmarkandi t.d. í stærðfræði.
- Opinber stefna er svolítið stórt orð en við styðjumst aðallega við íslenskt kennslufni hvort sem það er rafrænt eða í bókum.
- Reynt að gera það en ekki allt til á íslensku.
- Skólinn hefur ekki opinbera stefnu í þessu máli.
- Skólinn telur ekki þörf á opinberri stefnu í þessum efnum þar sem málið leysir sig sjálf. Kennarar nota ekki efni, rafrænt eða annað, nema það henti nemendum og íslenskan gegnir þar lykilhlutverki.
- Við notum rafrænt kennslufni bæði á ensku og íslensku.

Hvert er sjálfgefið tungumál notendaviðmóts eftirtalinna stýrikerfa á tölvum sem nemendur hafa aðgang að í skólanum?

Febrúar - mars 2012

Svör	Android		iOS		Linux	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Íslenska	3	1,8	4	2,4	6	3,6
Enska	1	0,6	8	4,7	3	1,8
Stýrikerfi ekki í notkun	126	74,6	117	69,2	118	69,8
Veit ekki	39	23,1	40	23,7	42	24,9
Fjöldi skóla sem svara	169	76,9	169	76,3	169	75,1
Tóku afstöðu	169	99,4	169	99,4	169	99,4
Á ekki við	1	0,6	1	0,6	1	0,6
Heildarfjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Svör	OS X		Windows		Windows Tablet Edition	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Íslenska	5	3,0	94	55,6	14	8,3
Enska	11	6,5	65	38,5	4	2,4
Stýrikerfi ekki í notkun	111	65,7	4	2,4	111	65,7
Veit ekki	42	24,9	6	3,6	40	23,7
Fjöldi skóla sem svara	169	75,1	169	96,4	169	76,3
Tóku afstöðu	169	99,4	169	99,4	169	99,4
Á ekki við	1	0,6	1	0,6	1	0,6
Heildarfjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Hafa nemendur aðgang að eftirfarandi hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölum skólans? Ef svo er, er viðmótið íslenskt eða á erlendu máli?

Febrúar - mars 2012

Svör	Adobe Illustrator		Adobe Photoshop		Adobe Premiere		Audacity - Hljóðupptaka		Facebook	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
	Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	8	4,7	6	3,5	2	1,2	9	5,3	33
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	29	17,1	56	32,9	21	12,4	53	31,2	10	5,9
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	106	62,4	85	50,0	109	64,1	72	42,4	107	62,9
Veit ekki	27	15,9	23	13,5	38	22,4	36	21,2	20	11,8
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Svör	Firefox		Garageband - Hljóðupptaka		Gimp		Google Apps		Google Chrome	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
	Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	50	29,4	1	0,6	10	5,9	16	9,4	31
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	44	25,9	14	8,2	15	8,8	29	17,1	61	35,9
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	59	34,7	109	64,1	104	61,2	89	52,4	51	30,0
Veit ekki	17	10,0	46	27,1	41	24,1	36	21,2	27	15,9
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Hafa nemendur aðgang að eftirfarandi hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölum skólans? Ef svo er, er viðmótið íslenskt eða á erlendu máli?

Febrúar - mars 2012

Svör	iMovie		Inkscape		Internet Explorer		iWork		Joomla vefumsýsla	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	3	1,8	2	1,2	63	37,1	4	2,4	3	1,8
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	31	18,2	13	7,6	87	51,2	6	3,5	10	5,9
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	109	64,1	110	64,7	9	5,3	124	72,9	127	74,7
Veit ekki	27	15,9	45	26,5	11	6,5	36	21,2	30	17,6
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	82,4

Svör	LaTeX		Live@edu		Microsoft Office		Mind Manager		Moodle	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	0	0,0	1	0,6	90	52,9	4	2,4	14	8,2
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	1	0,6	6	3,5	64	37,6	25	14,7	15	8,8
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	131	77,1	122	71,8	7	4,1	116	68,2	112	65,9
Veit ekki	38	22,4	41	24,1	9	5,3	25	14,7	29	17,1
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Hafa nemendur aðgang að eftirfarandi hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölum skólans? Ef svo er, er viðmótið íslenskt eða á erlendu máli?

Febrúar - mars 2012

Svör	MovieMaker		MySpace		NotePad		OpenOffice.org		Safari	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	15	8,8	3	1,8	30	17,6	5	2,9	4	2,4
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	92	54,1	23	13,5	65	38,2	24	14,1	28	16,5
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	37	21,8	109	64,1	48	28,2	107	62,9	105	61,8
Veit ekki	26	15,3	35	20,6	27	15,9	34	20,0	33	19,4
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0


Svör	StarOffice		Tuxpaint		Twitter		WordPad		WordPress vefumsýsla	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	1	0,6	12	7,1	3	1,8	21	12,4	6	3,5
Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	3	1,8	21	12,4	20	11,8	41	24,1	12	7,1
Nei, nemendur hafa ekki aðgang	127	74,7	97	57,1	118	69,4	72	42,4	116	68,2
Veit ekki	39	22,9	40	23,5	29	17,1	36	21,2	36	21,2
Fjöldi skóla	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0	170	100,0

Hafa nemendur aðgang að öðrum hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans?

Febrúar - mars 2012

Svör	Fjöldi	Hlutfall %
Já, með íslensku viðmóti	20	11,8
Já, með viðmóti á erlendu tungumáli	28	16,5
Nei	133	78,2
Fjöldi svara	181	
Fjöldi skóla	170	

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda skóla en ekki fjölda svara.



Þeir sem segja já, með íslensku viðmóti: Skráið heiti hugbúnaðar með viðmót á íslensku

- Explorer.
- Facebook, Internetið.
- Fjöldi kennsluforrita frá Námsgagnastofnun o.fl. sem sett eru upp hjá skólanum ásamt aðgangi að kennsluvefjum nams.is og Skólavefsins.
- Fjöldi kennsluforrita á íslensku.
- Hef ekki lista yfir þetta.
- Kennarar nota Joomla en nemendur hafa ekki aðgang að því nema í gegnum kennarana.
- Mentor.
- Með íslensk og ensk kennsluforrit.
- Microsoft.
- Myndaorðabók - Sebran - Almenn brot - Bogi Blýantur - Bútarnir - Flott föll - Geogebra - Glói Geimvera - Glói Geimvera á lestrareyju - Glói í stærðfræðiheimi - Ritbjörg - Ritfinnur - Slönguspilið - Snót og snáði - Stærðfræði í dagsins önn - Talnaveiðar - Þrír í röð - Ævar - www.nams.is.
- Nemendur eiga sameiginlegt svæði þar sem þeir geta skipst á upplýsingum og svo á hver árgangur sitt svæði.
- Office pakkann, tugir kennsluforrita af ýmsu tagi.
- Rasmus.is, orðabok.is.
- Samvinnusvæði á innra neti skólans eða sameign.
- Skype, í tengslum við Evrópuverkefni sem einn bekkur tekur þátt í.
- Skólavefurinn.is.
- Ubuntu.
- Veit ekki.
- Öll kennsluforrit sem Námsgagnastofnun hefur gefið út.
- Ýmis kennsluforrit.

Hafa nemendur aðgang að öðrum hugbúnaði, vöfrum, samvinnuvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans?

Febrúar - mars 2012

Þeir sem segja já, með viðmóti á erlendu tungumáli: Skráið heiti hugbúnaðar með viðmóti á ensku tungumáli

- Adobe After Effects, Final Cut Pro, töluverður fjöldi af iPad forritum.
- Drop Box - Foxit Reader - Google Earth - Google SketchUp - Paint.net - Photostory - Picasa - Pivot - Skype - Stellarium - TuxTyping - WorldWide Telescope - GoAnimate - <http://4ben.dk/>
- EDIUS Neo 3 (mynd- og hljóðvinnsluforrit).
- Enska.
- Fjöldi kennsluforrita á ensku.
- Google SketchUp, Sony Vegas, Internet Explorer.
- Google SketchUp, Google earth, og umbrotsforrit sem ég man bara ekki hvað heitir.
- Google SketchUp, Stellarium, Flash movie maker.
- Google earth.
- Google.
- Hef ekki lista yfir þetta.
- Microworld LOGO, Scratch Google SketchUp 2d design X-mind Pivot Blockcad (Lego)PBworks.
- Movie+, Dropbox.
- Photo story.
- Pivot.
- Serif Plus miðlunarhugbúnaðarpakki.
- Skydrive.
- Spreaker, Voicethread, Creaza.
- Studio.
- Uled video studio klippiforrit. Freemind til hugakortagerðar, Wikipages til vefsíðugerðar, mathletics vefnum.
- Veit ekki.
- Weebly vefgerðarumhverfi og Paint.net
- Windows Office, Internet Explorer, Safari.
- X-Mind, Foxid reader og nokkrir nemendur með dyxlexíu hafa aðgang að Easy Tudor.Lego Mindstorm.
- pixlr.com
- Ég veit það ekki.
- Í valgreininni Margmiðlun eru ýmis kennsluforrit á erlendum tungumálum prófuð og kennd.
- Ýmis kennsluforrit.

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Febrúar - mars 2012

- Allar tölvur skólans eru settar upp með íslensku stýrikerfi og það sem hægt er að íslenska er á íslensku.
- Athugið að hér er um ung börn að ræða sem nýta tölvur á ákveðin hátt en ekki mikið í sínu námi. Meira er verið að nota efni sem kennara stýra sjálfir í samvinnu við börnin.
- Hingað til hafa íslenskar útgáfur af Office og Windows verið mun lélegri og haft meiri böggja en erlendu útgáfurnar. Uppfærslur á þeim koma mun síðar eða alls ekkert.
- Hugbúnaður er dýr. Huga þarf að hjálpa öllum skólum að bjóða uppá nám til framtíðar.
- Margt af þessu sem verið er að athuga í könnunni er um það sem við erum með aðgang að í tölvunum okkar en þær ráða ekki við að það sé notað þannig að það hentar ekki okkur.
- Mæli með að áhersla verði lögð á að opinn hugbúnaður verði íslenskaður. Að færa hugsun á bak við tæknimenntakennslu aftur til nemenda. UTM hefur tekið sér vald án þess að hafa til þess faglegar forsendur, einungis tæknilegar. Það er að kæfa kennsluna.
- Mætti bjóða upp á blandað svar, stundum er viðmót á íslensku stundum ekki.
- Mér finnst að hugbúnaður sem er einkum ætlaður einstaklingum með dyslexíu ætti að vera þeim að kostnaðarlausu svo þeir gætu notað hugbúnaðinn heima líka eins og t.d. Easy Tudor.
- Mér þykir vænt um að spurt sé um viðmót og aðgang. En tölvubúnaður skólanna þarf fyrst og fremst að vera í takt við tímann en hér sem víða annarsstaðar er hann að syngja sitt síðasta. Við þurfum að gera átak í því að allir nemendur landsins hafi fartölvur til þess að vinna í - þurfa ekki að heita iPad. Það er í hæsta máta ósanngjarnt að nemendur búi ekki við jafnræði/ jafnrétti til náms eins og lög gera ráð fyrir og er húmbúkk að gefa út námsskrár með háfleygum kröfum um nám og kennslu á meðan ástandið er svona. Ég tel í hæsta vafasamt að einstökum skólum sé úthlutað fjármagni til tölvukaupa - á meðan aðrir skólar eru sveltir. Þykir mér eðlilegt að mennta- og menningarmálaráðuneytið skoði þau mál ofan í kjölinn en leggi minni áherslu á hvort skólar séu uppteknir af íslensku viðmóti.
- Mikið af sérhæfðum forritum og vefssvæðum bjóða ekki upp á íslenskt viðmót.
- Nemendur hafa aðgang að ýmsum kennslusíðum, en segjast verður að það er kannski vöntun á ítarlegri þekkingu innan skólans um að bæði nýta þá tækni sem í boði er og eins og finna leiðir til að tryggja nemendum aðgang án þess að hann verði misnotaður. Þá er vert að minna á að innleiðing á nýtingu tækninnar byggir jafnan á kostnaði og því upplifum við oft gjá milli þess sem skólinn getur gert og er að gera og raunverulegrar þekkingar nemenda.
- Nemendur hafa takmarkaðan aðgang að internetinu - stefna skólans er að hafa viðmótið í tölvunum á íslensku sé þess nokkur kostur.
- Við erum að byrja í dag með þróunarstarf, erum að taka inn iPad í miðstigið og 9 ára börnin okkar eru að fara í forritunarnám
- Við sitjum eftir hvað varðar tölvur og tækni í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Tölvur eru úreltar, og við þurfum að nýta okkur nýjustu tækni eins og spjaldtölvur.
- Ég hefði haldið að upplýsingar um þessi forrit væru samræmd hjá Reykjavíkurborg en ég var ekki með aðgang að tölvuumsjónarmanni þegar ég svaraði þessum spurningum.
- Í tölvueign er notendahugbúnaður á ensku. Nemendur hafa síðan aðgang að tölvuveri þar sem notendahugbúnaður er að stórum hluta á íslensku. Einnig notum við iPad í kennslu og er það allt á ensku.
- Því miður hafa nemendur ekki aðgang að mörgum forritum eins og iMovie og Photoshop vegna hversu lélegur og hægur tölvubúnaður okkar er.

Akurskóli	Grunnskóli Vestmannaeyja	Lágafellsskóli
Alþjóðaskólinn á Íslandi	Grunnskóli Vesturbyggðar	Lindaskóli
Auðarskóli	Grunnskóli Önundarfjarðar	Litlulaugaskóli í Þingeyjarsveit
Austurbæjarskóli	Grunnskólinn austan Vatna	Lundarskóli á Akureyri
Álfhólsskóli	Grunnskólinn á Bakkafirði	Lækjarskóli
Álftanesskóli	Grunnskólinn á Borðeyri	Melaskóli
Árbæjarskóli	Grunnskólinn á Drangsnesi	Myllubakkaskóli
Árskóli	Grunnskólinn á Eskifirði	Naustaskóli á Akureyri
Ártúnsskóli í Reykjavík	Grunnskólinn á Hellu	Nesskóli
Áslandsskóli	Grunnskólinn á Hólumvík	Njarðvíkurskóli og Háaleitisskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði	Grunnskólinn á Ísafirði	Norðlingaskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík	Grunnskólinn á Stöðvarfirði	Oddeyrarskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ	Grunnskólinn á Þingeyri	Reykhlóaskóli
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Grunnskólinn á Þórshöfn	Reykjahlíðarskóli
Blönduskóli	Grunnskólinn í Borgarnesi	Réttarholtsskóli
Borgarhólsskóli	Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	Rimaskóli
Breiðagerðisskóli	Grunnskólinn í Hofgarði	Salaskóli
Breiðholtsskóli	Grunnskólinn í Hveragerði	Sameinaður leik- og grunnskóli
Brekkubæjarskóli	Grunnskólinn í Sandgerði	Hvalfjarðarsveitar
Brekkuskóli	Grunnskólinn í Stykkishólmi	Seláskóli
Brúarásskóli	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Seljaskóli
Brúarskóli	Grunnskólar Ísafjarðarbæjar/	Setbergsskóli
Dalskóli	Grunnskólinn Suðureyri	Seyðisfjarðarskóli
Djúpavogsskóli (Fyrrum Grunnskóli Djúpavogs)	Hafnalækjarskóli	Síðuskóli
Egilsstaðaskóli	Hagaskóli	Sjálandsskóli
Fellaskóli	Hallormsstaðaskóli, Fljótsdalshéraði	Skóli Ísaks Jónssonar
Fellaskóli, Fellabæ	Hamraskóli	Smáraskóli
Finnbogastaðaskóli	Háaleitisskóli	Snælandsskóli
Flataskóli	Háteigsskóli	Stórutjarnaskóli
Flóaskóli	Heiðarskóli, Reykjanesbæ	Stóru-Vogaskóli
Flúðaskóli	Hlíðarskóli, Skjaldarvík	Suðurlíðarskóli
Foldaskóli	Hlíðaskóli	Sunnulækjarskóli
Fossvogsskóli	Hofsstaðaskóli	Súðavíkurskóli
Garðaskóli	Holtaskóli í Reykjanesbæ	Svalbarðsskóli, Pistilfirði
Gerðaskóli í Garði	Hólabrekkuskóli	Sæmundarskóli
Giljaskóli	Hrafnagilsskóli	Tálknafjarðarskóli
Glerárskóli Akureyri	Hraunvallaskóli	Tjarnarskóli
Grandaskóli	Hríseyjarskóli	Vallaskóli
Grenivíkurskóli	Húnvallaskóli	Valsárskóli
Grímseyjarskóli	Húsaskóli	Varmahlíðarskóli
Grundaskóli á Akranesi	Hvaleyarskóli	Varmárskóli
Grunnskóli Bláskógabyggðar	Hvolsskóli	Vatnsendaskóli
Grunnskóli Bolungarvíkur	Höfðaskóli	Vesturbæjarskóli
Grunnskóli Borgarfjarðar/Borgarbyggð	Hörðuvallaskóli Kópavogi	Víðistaðaskóli í Hafnarfirði
Grunnskóli Borgarfjarðar/Varmalandi	Ingunnaraskóli	Víkurskóli, Vík
Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	Kársnesskóli	Vogaskóli
Grunnskóli Dalvíkurbyggðar	Kelduskóli	Vopnafjarðarskóli
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	Kelduskóli - Korpu	Vættaskóli - nýsameinaður skóli úr Engjaskóla og Borgaskóla
Grunnskóli Fjallabyggðar	Kerhólsskóli	Waldorfskólinn í Lækjabotnum
Grunnskóli Grindavíkur	Kirkjubæjarskóli	Waldorfskólinn Sólstafi
Grunnskóli Grindarfjarðar	Klettaskóli	Þelamerkurskóli
Grunnskóli Hornafjarðar	Klébergsskóli	Þjórsárskóli
Grunnskóli Húnaþings vestra	Kópavogsskóli	Ölduselsskóli
Grunnskóli Raufarhafnar	Krikaskóli	Öldutúnsskóli Hafnarfirði
Grunnskóli Reyðarfjarðar	Landakotsskóli	Öxfjarðarskóli
Grunnskóli Seltjarnarness	Langholtsskóli í Reykjavík	
Grunnskóli Snæfellsbæjar	Laugalandsskóli Holtum	
	Laugalækjarskóli	
	Laugargerðisskóli	
	Laugarnesskóli	

Spurningalisti

1. {Svarendur: Allir – eitt svar}

Er það opinber stefna skólans að viðmót á tölvum sem nemendur nota sé á íslensku?

- Já
 Nei, hvers vegna ekki? (skrá opið svar)

2. {Svarendur: Allir – eitt svar}

Er notendahugbúnaður valinn með tilliti til þess að hann sé fánlegur með íslensku viðmóti?

- Já
 Nei, hvers vegna ekki? (skrá opið svar)

3. {Svarendur: Allir – eitt svar}

Er það opinber stefna skólans að rafrænt kennsluefni sem skólinn notar (í öðrum greinum en erlendum tungumálum) sé á íslensku?

- Já
 Nei, hvers vegna ekki? (skrá opið svar)

4. {Svarendur: Allir – eitt svar}

Hvert er sjálfgefið tungumál notendaviðmóts eftirtalinna stýrikerfa á tölvum sem nemendur hafa aðgang að í skólanum?

	Íslenska	Enska	Stýrikerfi ekki í notkun	Veit ekki
Android				
iOS				
Linux				
OS X				
Windows				
Windows Tablet Edition				

5. {Svarendur: Allir – eitt svar}

Hafa nemendur aðgang að eftirfarandi hugbúnaði, vörum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans?

Ef svo er, er viðmótið íslenskt eða á erlendu máli?

	Já, hafa aðgang og viðmótið er á íslensku	Já, hafa aðgang og viðmótið er á erlendu tungumáli	Nei, nemendur hafa ekki aðgang	Veit ekki
Adobe Illustrator				
Adobe Photoshop				
Adobe Premiere				
Audacity - Hljóðupptaka				
Facebook				
Firefox				
Garageband - Hljóðupptaka				
Gimp				
Google Apps				
Google Chrome				
iMovie				
Inkscape				
Internet Explorer				
iWork				
Joomla vefumsýsla				
LaTeX				
Live@edu				
Microsoft Office				
Mind Manager				
Moodle				
MovieMaker				
MySpace				
NotePad				
OpenOffice.org				
Safari				
StarOffice				
Tuxpaint				
Twitter				
WordPad				
WordPress vefumsýsla				

6. {Svarendur: Allir – fjölsvar – þó ekki hægt að merkja við já-in ef merkt er við nei}

Hafa nemendur aðgang að öðrum hugbúnaði, vöfrum, samvinnusvæðum á Internetinu og félagsmiðlum í tölvum skólans?

- Já, með íslensku viðmóti. Skráið heiti hugbúnaðar með viðmót á íslensku (opið)
- Já, með viðmóti á erlendu tungumáli. Skráið heiti hugbúnaðar með viðmót á erlendu tungumáli (opið)
- Nei

7. {Svarendur: Allir – opið svar}

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Opin spurning – skrá svar

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög miklu máli (5)	217	27,6	3,1
Frekar miklu máli (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar litlu máli (2)	61	7,8	1,9
Mjög litlu máli (1)	19	2,4	1,1
Miklu máli		72,9	3,1
Hvorki né		16,9	2,6
Litlu máli		10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	99,0	
Tóku ekki afstöðu	8	1,0	
Fjöldi svarenda	794	100,0	
Meðaltal	3,9		
Vikmörk ±	0,1		

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög miklu máli (fj. x 5) + frekar miklu máli (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar litlu máli (fj. x 2) + mjög litlu máli (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.

Staðalfrávik er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.


Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hvers spurning er efst á hverri blaðsíðu og nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svör þátttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt tæp 28% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og ríflega 45% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það naumlega 73%.

Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsóknna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli.

Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta frekar miklu máli en mjög miklu máli.



Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverju sinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þarsést að ekki er munur á meðaltölum eftir kyni en hins vegar er munur eftir aldri þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um þá sem eldri eru meira máli en þá sem yngri eru.

Greiningar	Fjöldi	Mjög miklu	Frekar miklu	Í meðal-lagi	Frekar litlu	Mjög litlu	Meðaltal
Kyn							
Karlar	396	28,8%	43,7%	17,2%	7,1%	3,3%	3,9
Konur	390	26,4%	46,9%	16,7%	8,5%	1,5%	3,9
Aldur *							
16-24 ára	166	22,1%	44,8%	16,3%	12,8%	4,0%	3,7
25-34 ára	159	22,6%	42,8%	16,4%	13,8%	4,4%	3,7
35-44 ára	164	25,0%	42,1%	24,4%	7,3%	1,2%	3,8
45-54 ára	136	30,1%	47,8%	15,4%	5,1%	1,5%	4,0
55-75 ára	161	32,3%	48,4%	11,8%	4,3%	3,1%	4,0

* Marktækur munur á meðaltölum hópa

Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölfræðiprófs er ekki tölfræðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölfræðipróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölfræðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópum sem athugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktapróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölfræðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölfræðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.